

1986 nr. 26 2. maí**Lög um talnagetraunir**

Tóku gildi 12. maí 1986. Breytt með L. 126/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að veita [Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands]²⁾ (ÍSÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtök þessi munu stofna, getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

□ [Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 115. gr. ²⁾ L. 126/2003, 1. gr. ³⁾ L. 126/2015, 4. gr.

■ 2. gr.

□ Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnad af fimm manna stjórn er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar [Íþrótta- og ólympíusamband Íslands]¹⁾ tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

□ Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem [ráðherra]²⁾ staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.

¹⁾ L. 126/2003, 1. gr. ²⁾ L. 162/2010, 113. gr.

■ 3. gr.

□ Gjald fyrir þátttöku í getraununum (miðaverð) ákveður [ráðherra]¹⁾ að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

¹⁾ L. 162/2010, 113. gr.

■ 4. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, fjárhæð vinninga, annaðhvort sem hlutfall af heildar-söluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga.

□ Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, . . . ²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 113. gr. ²⁾ L. 129/2004, 49. gr.

■ 5. gr.

□ Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í fé-lögum innan [Íþrótta- og ólympíusambands Íslands]¹⁾ og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annari starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

¹⁾ L. 126/2003, 1. gr.

■ 6. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um getraunastarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

¹⁾ L. 162/2010, 113. gr. ²⁾ Rg. 516/1995, sbr. 634/1995. Rg. 1170/2012, sbr. 750/2014, 972/2014, 759/2015, 760/2016, 1033/2016, 403/2017 og 597/2017.

■ 7. gr.

□ Óheimilt er öðrum en framangreindu félagi [Íþrótta- og ólympíusambands Íslands],¹⁾ Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

□ . . .

¹⁾ L. 126/2003, 1. gr.

■ 8. gr.

□ Brot á lögum þessum varða sektum.

■ 9. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.